

Fundur Stjórn foreldrafélags Setbergsskóla 4.nóv 2013

Mætt:

Frá foreldrafélaginu: Kristín, Aðalbjörg, Jóna, Rósa, Anna og Benedikt

Frá skólanum: Sif, Anna maría og Harpa

Dagskrá:

1.

Jólafondur. – Verður 23.nóv milli 11 og 13

Aðalbjörg sér um að hafa samband við 10.bekkjar fulltrúa vegna veitingasölu, AT H koma með eigin vöflujárn (muna skiptimynt, dúka, kerti)

Aðalbjörg mætir með kertastjaka fyrir kaffiborðin í fönðrinu sjálfu

Setja upp kl 3 á föstudegi. Rósa sendir á bekkjarfulltrúa

Mætum kl 10 á laugardeginum til að klára að stilla upp og opna fyrir 10 bekkjar fulltrúa

Kristín, Jóna og Harpa fara yfir lagerinn og ákveða hvað þarf að kaupa.

Auglýsing frá því í fyrra verður notuð í grunn – Kristín uppfærir hana og sendir á Sif

Sendum auglýsingu í töskupósti, og takið daginn frá póst.

2.

Bekkjarfulltrúar

Einhverjar villur eru í bekkjarfulltrúalistanum. Búið er að fara yfir listann en eftir að bera saman við þann sem verið var að nota.

Kristín er búin að gera bréf fyrir bekkjarfulltrúa með samantekt eftir bekkjarfulltrúa fundinn. Bréfið látið ganga uppá athugasemdir. Allir sammála um að senda bréfið.

3.

Aðgengi foreldrafélagsins að Mentor

Getur foreldrafélagið fengið aðgang að Mentor. Með því getur stjórnin sent póst á foreldra en þarf ekki að fara í gegnum skrifstofuna. Eftir sem áður yrðu póstar ekki sendir út nema í samráði við stjórnendur skólans. Sif skoðar hvort hægt sé að verða við þessu og hvort eitthvað græðist á því.

4.

Uppfæra blað foreldrafélagsins á heimasíðunni.

Ekki er búið að uppfæra upplýsingar um nýja meðlimi í stjórn foreldrafélagsins. Sif talar við Bylgju um að uppfæra upplýsingarnar á heimasíðunni.

5.

Greiðsluseðlar

Búið er að senda greiðsluseðla út og einhverjar greiðslur farnar að berast.

Sendum bréf til að minna á greiðsluseðlana og minnum á hvað foreldrafélagið er að gera.

6.

Annað

- Kristínu barst bréf frá Geir forvarnarfulltrúa. Varðandi samráðsfund með foreldrum Hafnarfjarðarbæ og lögreglu. Fundurinn verður 19.nóv kl 17. Sendum póst á bekkjarfulltrúa og látum vita af fundinum auk þess sem Rósa og Harpa ætla að mæta frá stjórn foreldrafélagsins.
- 70 krakkar úr unglिंगadeildinni fóru í boði foreldrafélagsins á leikritið Unglinginn 31.október. Aðalbjörg fær Gaflaraleikhúsið til að útbúa reikning fyrir hluta foreldrafélagsins og sendir á Jónu
- Einelti. Kristín vildi velja upp hvað foreldrafélagið gæti gert til að styðja við skólann í eineltismálum. Kristín leggur til hugmynd um að gefa krökkunum t.d. vatnsbrúsa með slagorði um vináttu. Við fengjum styrktaraðila til að greiða fyrir brúsana, ekki með logoi eða þannig á brúsanum sjálfum. Kannski með fréttaskoti í Fjarðarpóstinn. Brúsar passa vel inn í stefnu skólans um að krakkarnir drekki vatn og noti endurnýtanlegar umbúðir. Sigurplast í Mosfellsbæ gerir brúsa og kostar brúsinn 400 kr stykkið með merkingu. Hugmyndir að slagorði. Ég ER vinur. Góður vinur, Vinsemd, Virðing, Ég er félagi. Vel tekið í hugmynd um að virkja krakkana í að finna slagorð. Kristín ítrekar að foreldrafélagið getur verið skólanum innan handar varðandi vinnu gegn einelti eins og t.d. með fjárstyrk í fyrirlestur eða fræðslu.
- Harpa hefur tekið eftir því að krakkar úr öðrum skólum í bænum eru í þessum merktum skólunum. Harpa kynnir sér hvernig skólarnir hafa staðið að þessum þessum, eru það foreldrar eða skólinn sem hefur staðið fyrir þessu.
- Aðalbjörg bað Sif um að kanna hver kostnaður var við útskriftarferð 10.bekkar síðastliðið vor. Svo vitað sé nokkurn veginn hversu miklu þarf að safna

Næsti fundur verður 8.janúar